

ur fram, að hann byggir kröfur um skilorðsbundna refsingu á ungum aldri ákærðu, persónulegum högum hennar fyrr og nú svo og tímabundnum persónutengslum við Róbert Glad.

Íslensk fíkniefnalöggjöf byggir m. a. á kenningum vísindamanna þess efnis, að neysla kannabisefna sé hættuleg heilsu manna. Reynslan hérlandis sýnir, að það er ekki hvað síst ungmenni, sem verða hassneyslu að bráð. Alvarlegust brot eru ólöglegt smygl og dreifing hassefna í miklu magni, og það hefur og sýnt sig, að það eru fyrst og fremst ungmenni, sem þá iðju stunda.

Málsatvikum öllum og aðstæðum þykir ekki þannig háttað, að skilorðsbinding refsingar sé talin við eiga.

Verður refsing ákærðu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Hjartar Torfasonar, kr. 25.000.

Dómsorð:

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, sæti fangelsi í 6 mánuði. Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar með kr. 25.000 sem málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Hjartar Torfasonar.

Miðvikudaginn 14. mars 1979.

Nr. 14/1977. Ásta Baldvinsdóttir

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Ragnari Á. Magnússyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 20. ágúst 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Það áfrýjunarmál féll niður vegna útvistar áfrýjanda 7. janúar 1977, og áfrýjaði áfrýjandi málinu að nýju með stefnu 28. janúar 1977 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1978. Áfrýjandi skaut hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Hún krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu verði vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju. Enn fremur krefst hún þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst áfrýjandi, að henni verði aðeins dæmt að greiða stefnda 368.082 krónur, en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir aðalkröfu sína á því, að héraðsdómara hafi borið að leggja efnisdóm á gagnkröfu áfrýjanda eða vísa henni berum orðum frá dómi.

Skilja verður héraðsdóminn svo, að héraðsdómari hafi vísað frá dómi gagnkröfu þeirri, sem áfrýjandi hafði uppi við munnlegan flutning málsins til skuldajafnaðar við stefnukröfurnar. Verður því ekki á aðalkröfu áfrýjanda fallist.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verða eigi reiknaðir frá fyrri tíma en birtingardegi stefnu, 31. desember 1973.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ásta Baldvinsdóttir, greiði stefnda, Ragn-

ari Á. Magnússyni, 500.081 krónu með 10% ársvöxtum frá 31. desember 1973 til greiðsludags, 93.000 krónur í málskostnað í héraði og 120.000 krónur fyrir Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 21. nóvember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Ragnari Á. Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, Hraunbæ 180, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 10. desember 1973, á hendur Ástu Baldvinsdóttur, nudd- og snyrtisérfræðingi, Hrauntungu 85 í Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 500.081.70 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

Af hálfu stefndu var í upphafi krafist sýknu af kröfum stefnanda og að henni yrði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Jafnframt var af hennar hálfu gerður áskilnaður um kröfugerð á hendur stefnanda til skuldajafnaðar með höfðun gagnsakar eða í sérstöku máli.

Í upphafi þinghalds hinn 12. þ. m., er fram skyldi fara munnlegur málflutningur samkvæmt ákvörðun dómara, að undan genginni sameiginlegri yfirlýsingu lögmannna aðilja um, að gagnasöfnun væri lokið, var lagður fram af hálfu stefndu reikningur hennar á hendur stefnanda að upphæð kr. 980.000.00, dags. þennan sama dag. Var því lýst yfir, að krafan samkvæmt reikningnum væri höfð uppi til skuldajafnaðar gegn stefnukröfum. Lögmaður stefnanda mótmælti greindu skjali sem of seint fram komnu svo og skuldajafnaðarkröfu, reistri á því. Vísaði lögmaður stefndu til áskilnaðar um slíka gagnkröfugerð í greinargerð af hennar hálfu. Fór síðan fram munnlegur málflutningur, en áður hafði dómari árangurslaust leitað sátta.

Endanlegar dómkröfur aðilja eru á þá leið, að stefnandi krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 500.081.70 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,

svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ. Varðandi framkomna gagnkröfu til skuldajafnaðar krefst hann þess aðallega, að hún fái ekki komist að í málinu, til vara, að henni verði vísað frá dómi, og til þrautavara, að hann verði sýknaður af henni.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær kröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* krefst hún sýknu af kröfum stefnanda. Hvernig sem málið fari, krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Samkvæmt skjölum og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að málsaðiljar bjuggu saman tímabilið 1. september 1967 til ársbyrjunar 1970 á heimili stefndu að Hrauntungu 85 í Kópavogi. Á þessu árabili annaðist stefnandi ýmsar greiðslur fyrir stefndu vegna byggingar húss hennar nr. 85 við Hrauntungu. Kveðst stefnandi hafa greitt nær eingöngu í þessu skyni ýmsa reikninga og gjaldfallnar skuldir fyrir stefndu að upphæð kr. 1.250.081.71, en á sama tíma fengið til þess fjármuni frá stefndu að upphæð kr. 750.000.00, þannig að mismunur nemi stefnufjárhæðinni, kr. 500.081.70.

Aðiljar hafa fyrir dómi tjáð sig nánar um málavexti. Verður nú rakið það helsta úr skýrslum þeirra.

Stefnandi skýrði svo frá í þinghaldi 17. desember sl., að þau stefnda hafi verið í sambúð frá 1. september 1967 til 2. janúar 1970 að Hrauntungu 85 í Kópavogi, en það var hús í smíðum, eign stefndu. Fyrst í stað, eða til áramótanna 1967-1968, hafi nær eingöngu verið um það að ræða, að hann svæfi á heimili stefndu, en borðaði yfirleitt úti. Frá nefndum áramótum og til sambúðarslitanna kveðst hann hafa verið í fæði og þjónustu hjá stefndu. Kveður hann, að í upphafi sambúðarinnar hafi fjárhagur stefndu verið mjög slæmur og hafi það blasað við, að húsið, sem var nánast hálfbyggt, yrði sett á nauðungaruppboð eða stefnda yrði gjaldþrota. Því kveðst hann hafa orðið við tilmælum stefndu um að hjálpa til með greiðslur áhvílandi skulda og til þess að þoka byggingu hússins áfram.

Ragnar kveðst hafa haldið sjóðdagbók um fjárviðskipti sín og stefndu, en eftir henni hafi hann samið greiðsluyfirlit það, sem stefnukröfurnar séu byggðar á. Hann tekur fram, að kröfur sínar í málinu séu eingöngu vegna greiðslu áhvílandi lána eða vegna byggingarframkvæmda við Hrauntungu 85. Kveðst hann hafa látið stefndu í té kr. 607.723.93 umfram stefnufjárhæð á sambúðartímanum og sé þá ekki allt upp talið.

Hann kveður aðspurður, að eftir sambúðarslitin hafi þau stefnda í fjölmörg skipti rætt um uppgjör fjárviðskiptanna. Hafi þau orðið ásátt um að fela Svani Þór Vilhjálmssyni héraðsdómslögmanni, sameiginlegum kunningja þeirra, að gera upp þessi viðskipti, en einhvern veginn hafi aldrei orðið neitt úr því.

Ásta Baldvinsdóttir kom fyrir dóminn 25. apríl sl. Hún kveður þau stefnanda hafa verið í sambúð í húsi hennar að Hrauntungu 25, Kópavogi, frá því haustið 1967 og þar til 4. janúar 1970. Hafi hún þennan tíma falið stefnanda að annast fyrir sig greiðslur og kveðst álíta, að hún hafi látið hann fá fé fullkomlega fyrir öllum greiðslum, sem hann hafi innt af höndum fyrir sig. Kveðst hún hafa látið stefnanda fá allt það fé, sem henni áskotnaðist sambúðartímann, en hafi svo fengið peninga hjá honum, er hún þurfti á að halda. Hún kveður, að öll matarkaup heimilisins hafi verið í reikning þennan tíma og muni stefnandi hafa séð um greiðslur yfirleitt.

Greiðslufirilitið, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, var lagt fyrir Ástu í ofanefndu þinghaldi, en samkvæmt því tjáist stefnandi hafa lagt út fyrir hana 1. sept. 1967 — 31. des. 1969 samtals kr. 1.250.081.71, en fengið til þess fjármuni, samtals kr. 750.000.00. Varðandi greint skjal kveður Ásta, að þar vanti mikið upp á, svo allt það fé, sem hún hafi látið stefnanda í hendur, sé upptalið.

Varðandi reikningsuppgjör aðilja miðað við 3. nóv. 1968, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, en samkvæmt því telst stefnda skulda stefnanda kr. 200.000.00, eftir að búið er að draga frá greiðsluupphæðinni kr. 257.070.05 vegna uppihalds o. fl. til 1. nóv. 1968, kveðst stefnda hafa samþykkt það með undirskrift sinni eftir beiðni stefnanda, er þau voru kvöld eitt við skál stödd á skrifstofu hans.

Ásta kveður aðspurð, að tekjur hennar um sambúðartímann hafi verið fyrst og fremst meðlag frá fyrrverandi eiginmanni, kr. 10.000.00 á mánuði fyrst í stað og síðan kr. 20.000.00 á mánuði. Þá hafi hún haft lítils háttar atvinnutekjur og hafi þetta fé runnið til stefnanda, sem svo lét henni í té peninga, er hún þurfti á að halda.

Stefnandi byggir kröfur sínar fyrst og fremst á greiðslufiriliti því, sem hann hefur lagt fram og hann kveðst hafa samið eftir sjóðdagbók, er hann hafi haldið um fjárviðskipti sín og stefndu um sambúðartímann. Hann bendir á, að hann hafi sýnt lögmanni stefndu öll fylgiskjöl varðandi reikningsyfirlitið, enda

sé því á engan hátt mótmælt eða vefengt, að tilgreindar greiðslur hafi verið inntar af höndum fyrir stefndu og samkvæmt hennar beiðni. Þetta megí reyndar telja viðurkennt.

Hann leggur áherslu á það, að kröfur sínar séu eingöngu til endurgreiðslu fjár, er varið var til greiðslu áhvílandi lána eða vegna byggingarframkvæmda við Hrauntungu 85. Hafi hann að vísu lagt meira fé út fyrir stefndu til ofanefndra þarfa heldur en endurgreiðslukröfunni nemi, en það sé sín ákvörðun að láta sitja við kröfugerð samkvæmt framlögðu greiðsluyfirliti.

Hann mótmælir alfarið þeim staðhæfingum stefndu, að hún hafi látið hann hafa fé fyllilega fyrir öllum greiðslum. Hafi hún ekki látið af hendi aðra fjármuni en þá, sem gerð hafi verið grein fyrir af sinni hendi í málinu. Staðhæfingum sínum um frekari afhendingar fjár hafi stefnda eigi stutt neinum sönnunar-gögnum og beri því að vísa þeim á bug.

Stefnandi kveðst mótmæla því af öllu afli, að stefnda fái komið að gagnkröfu til skuldajafnaðar, enda sé það ótvírætt brot á réttum reglum um málsmeðferð að leggja slíka kröfugerð fyrst fyrir við munnlegan málflutning, löngu eftir að gagnasöfnun hafi verið lýst lokið.

Verði talið mót von sinni, að gagnkrafan eigi að fá að komast að, þá sé ljóst, að hún sé algerlega óreifuð og beri því að vísa henni frá dómi. Fallist dómurinn ekki á það, liggi það fyrir í málsgögnum, að hann hafi greitt til stefndu umfram stefnufjárhæð fullkomið endurgjald fyrir alla þá aðhlynningu og þjónustu, er hann hafi notið um sambúðartímann.

Frávísunarkrafa stefndu er studd þeim rökum, að samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, sem stefnandi hafi lagt fram við munnlegan málflutning, sé því lýst yfir, að stefnandi hafi átt lögheimili í Reykjavík 1. janúar 1967. Hinn 27. nóvember 1969 hafi hann flutt til Kópavogs, en hinn 1. janúar 1970 hafi hann flutt aftur til Reykjavíkur. Hér sé um að ræða, að opinbert vottorð, sem stefnandi sjálfur leggi fram og standi óhaggað, kippi ger-samlega sjálfum grundvellinum undan málssókninni, en megin-forsendur málatilbúnaðar stefnanda sé sú staðhæfing hans í stefnu og öðrum sóknarskjölum, að þau stefnda og hann hafi verið í sambúð að Hrauntungu 85 í Kópavogi 1. september 1967 — 2. janúar 1970, eða í fulla 28 mánuði. Þar sem nú samkvæmt opinberu vottorði úr þjóðskrá líti svo út sem stefnandi hafi að-eins búið rúman mánuð á heimili stefndu í Kópavogi, þá sé grund-

völlur sá, sem málssókn sé byggð á, brostinn. Beri því að vísa málinu frá.

Verði eigi fallist á frávísunarkröfuna, kveðst stefnda benda á það, að hún hafi fyllilega látið stefnanda í hendur fjármuni fyrir öllu því, sem hann hafi greitt fyrir hennar hönd. Til frekari rökstuðnings sýknukröfu sinni vísar hún til kröfugerðar sinnar til skuldajafnaðar, en þar sé um að ræða kröfu fyrir ráðskonulaun sambúðartímann, þ. e. í 28 mánuði, kr. 20.000.00 að jafnaði, eða samtals kr. 560.000.00, svo og húsaleigu í sama tíma, kr. 15.000.00 á mánuði, eða samtals 420.000.00. Kveður hún dómvenju alfarið styðja réttmæti gagnkröfugerðar sinnar.

Stefnda kveðst vísa á bug mótmælum stefnanda þess efnis, að gagnkrafa sín sé of seint fram komin og eigi því ekki að koma til álita. Fyrirvari um þessa kröfugerð hafi verið gerður á trygglegan hátt í greinargerð, en þar hafi þessi kröfugerð verið reifuð svo og nánar í aðiljaskýrslu.

Hún heldur því fram, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu, ef hún þá sé nokkur fyrir hendi. Hún bendir á það, að framlögð skjöl af hendi stefnanda til stuðnings kröfugerð hans séu alls ekki í samræmi hvert við annað, ef þau ekki beinlínis stangist á. Veiki þetta mjög allan málalímbúnað hans og gefi reyndar frekara tilefni til frávísunar.

Málsaðiljar eru algerlega ásátt um það bæði í skjölum málsins svo og í skýrslum sínum fyrir dóminum, að þau hafi búið saman að Hrauntungu 85 í Kópavogi frá því haustið 1967 og til áramótanna 1969/1970. Í þessu efni ber ekkert á milli.

Greint vottorð Hagstofu Íslands, sem stefnda byggir á frávísunarkröfu sína, virðist lagt fram af hálfu stefnanda eingöngu til þess að sýna fram á, að sambúð þeirra málsaðiljanna hafi verið fremur óákveðin og laus í reipunum.

Að þessu athuguðu þykja eigi vera nein efni til þess að taka frávísunarkröfuna til greina.

Það er út af fyrir sig rétt, sem stefnda heldur fram, að skjöl þau, sem stefnandi hefur lagt fram um fjárviðskipti þeirra stefndu, eru hvorki saman tengd né í fullkomnu samræmi innbyrðis.

Stefnandi hefur í málflutningi sínum gert grein fyrir þessu á þann veg, að hann geri eingöngu kröfur vegna greiðslna fyrir stefndu til ákveðinna þarfa, þ. e. varðandi húseign hennar Hrauntungu 85, og þó ekki svo tæmandi sé talið. Hafi hann kosið að takmarka kröfugerð sína að þessu leyti og byggi hana aðeins á þeim

greiðslum, sem tilgreindar séu á framlögðu greiðslufirliti. Hin tvö önnur skjöl í málinu varðandi fjárviðskiptin séu vinnuþlög nefndu greiðslufirliti til frekari fyllingar og skýringar.

Með tilvísun til ofangreindra skýringa af hendi stefnanda og þess, hvernig málið liggur fyrir, þykja eigi vera nein efni til frávísunar þess vegna vanreifunar eða óskýrrar kröfugerðar af hendi stefnanda.

Tilfni til þessarar umfjöllunar um formhlið málsins er gefið af stefndu í munnlegum málflutningi.

Af þeim sökum þykir eigi neitt standa því í vegi, að fjallað sé um efni málsins í beinu framhaldi. Verður að telja, að eðlilegast sé að líta á frávísunarkröfuna sem ábendingu til dómara í munnlegum málflutningi fremur en formlega kröfugerð, þar sem hún kemur svo allt of seint fram.

Telja verður, að um stefnukröfur gildi hinn almenni 10 ára fyrningarfrestur, sbr. 2. tölulið 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Greiðslufirlitið, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, hefur eigi sætt öðrum mótmælum af hálfu stefndu en þeim, að þar vanti mikið, svo allt það fé sé fram talið, sem hún hafi látið stefnanda í té til ráðstöfunar fyrir sig á sambúðartímanum. Verður því við það miðað við úrlausn málsins, að óumdeilt sé, að upptaldar greiðslur í skjalinu hafi verið inntar af höndum fyrir stefndu.

Staðhæfingar sínar um frekari fjárframlög af sinni hendi svo og þær, að hún hafi látið stefnanda hafa fé fyllilega fyrir öllum greiðslum, hefur stefnda eigi stutt neinum gögnum, en stefnandi hefur eindregið vísað þessu á bug. Verður því sýknukrafa stefndu á þessu byggð ekki tekin til greina.

Í greinargerð af hálfu stefndu er að því vikið, að samkvæmt dómvenju eigi hún kröfu til ráðskonulauna úr hendi stefnanda fyrir sambúðartímann, og kveðst hún munu hafa slíka kröfu uppi, ef stefnandi haldi málssókninni til streitu. Í niðurlagi greinargerðarinnar er þannig komist að orði, að þess sé vænst, að stefnandi felli málssóknina niður. Af þeim sökum sé ekki nú sett fram ákveðin krafa um ráðskonulaun né heldur sett upp gjald fyrir afnot húsnæðis og annan beina, en gagnkröfur í þessa átt verði hins vegar gerðar, ef málssókninni verði haldið áfram. Um þetta sé allur réttur áskilinn.

Það er álit dómara, að stefndu hafi að réttu lagi borið að hafa uppi gagnkröfur sínar um leið og greinargerð af hennar hendi

var lögð fram, sbr. ákvæði í 106. gr. laga nr. 85/1936, eða í fyrsta þinghaldi þar á eftir og í allra síðasta lagi, áður en þinghald það var háð, er málsaðiljar lýstu sameiginlega gagnasöfnun lokið.

Kröfugerð hennar að þessu leyti, sem er fyrst og fremst sýknu-málsástæða og fyrst var höfð uppi við munnlegan málflutning, er of seint borin fram og kemur því ekki til álita í þessu máli gegn eindregnum mótmælum stefnanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að taka dómkröfur stefnanda að fullu til greina, og verður því stefnda dæmd til að greiða honum hina umkröfðu skuld, kr. 500.081.70 með vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 93.000.00.

Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ásta Baldvinsdóttir, greiði stefnanda, Ragnari Á. Magnússyni, kr. 500.081.70 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 93.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 7. apríl 1976.

Ár 1976, miðvikudaginn 7. apríl, var fógetaréttur Kópavogs settur að Hrauntungu 85, Kópavogi, og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta Sigurberg Guðjónssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið 3/1974: Ragnar Á. Magnússon gegn Ástu Baldvinsdóttur, sama stað.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit úr dóma-bók Kópavogs (mál nr. 3/1974), svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttar-lögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 500.082 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi, auk 3.000 fyrir ritun fjárnámsbeiðni, til greiðsludags, 845 í birtingar- endurrits- (sic), kr. 93.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér og er mætt. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, sem er eignarhluti hans í húseigninni nr. 85 við Hrauntungu hér í bæ. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 15. mars 1979.

Nr. 38/1976. **Einar Th. Hallgrímsson**
 gegn
Ólafi Ragnari Sigurðssyni,
Karli Helgasyni og
Magnúsi Ásgeirssyni.

Óskað álitssgerðar Læknaráðs.

Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Mál þetta hefur þrisvar verið lagt fyrir Læknaráð. Eru tillögur réttarmáladeildar Læknaráðs dagsettar 20. júlí 1973, 7. mars 1974 og 26. mars 1975. Tillögur þessar voru síðar staðfestar sem álitssgerðir og úrskurðir Læknaráðs í samræmi við 5., 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 192/1942 um starfsháttu Læknaráðs.

Eftir að málið var síðast lagt fyrir Læknaráð með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1974, hefur verið aflað í því nýrra gagna, þar á meðal um heilsuhagi áfrýjanda. Á bæjarþingi Reykjavíkur var málið dæmt með sérfróðum meðdómendum, þar á meðal lækni, sem hefur viðurkenningu sem sérfræðingur í taugaskurðlækningum.

Þegar framanskráð er virt, þykir rétt, áður en málið er dæmt í Hæstarétti, með vísan í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr.